

Kæru nemendur og foreldrar.

Nú er sumarfríið á enda og nýtt skólaár að hefjast. Við bjóðum nýja nemendur, foreldra og forráðamenn velkomna í hópinn og hlökkum til samstarfsins í vetur.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá föstudaginn 23. ágúst klukkan 8:30 og skóla lýkur klukkan 13:30.

Líkt og undanfarin ár útvegar skólinn nemendum ritföng og stílabækur sem eru ætluð til afnota í skólanum.

Inngangur nemenda í 3. og 4. bekk er um aðalinnganginn og þar raða nemendur skónum í skóhillur og hengja yfirhafnir á merкта snaga. Einnig hafa nemendur aðgang að skáp á efri hæð fyrir framan heimastofurnar þar sem gott er að geyma t.d. sundpoka og auka föt.

Í vetur verðum við með 6 umsjónarhópa. Í dag eru skráðir 42 nemendur í 3. bekk og 50 nemendur í 4. bekk. Heimastofurnar okkar heita Víðihlíð, Sunnuhlíð og Úthlíð.



Umsjónarkennarar:

Edda Ósk, Hulda Soffía, Ingibjörg Soffía, Nína Hrönn, Sigríður Hrönn og Pórey.

Sérkennari: Lilja Guðrún

Fjölmeningarkennari: Guðrún Sveinbjörnsdóttir

Stuðningsfulltrúar: Hulda Björk og Lazar

Hlökkum til að vinna með ykkur í vetur!

Bestu kveðjur, 3. og 4. bekkjarteymið 😊